

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 22. mars 2023
Málsnúmer: 202301-0119
SS/LA

Efni: Tillaga að breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi

Í tölvubréfi frá skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar, 25. janúar 2023, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna skipulagsbreytinganna þann 26. ágúst 2022. Í þeirri umsögn kom fram það álit Náttúrufræðistofnunar að svæðið henti illa fyrir þá uppbyggingu sjóbaða sem áformuð er. Er það vegna verndargildis vistgerða á svæðinu, bæði fjöruvistgerða og strandlendisvistgerða, sem og vegna fuglalífs en svæðið er innan marka mikilvægs fuglasvæðis. Óttast var að framkvæmdir á svæðinu muni valda raski á vistgerðum með hátt verndargildi þótt hluti framkvæmdasvæðisins sé þegar raskað svæði. Náttúrufræðistofnun lagði áherslu á í umsögn sinni að lagt yrði mat á hversu stórt svæði yrði fyrir raski og að skoðað yrði bæði áhrif á gróðurfar, fjöruvistgerðir og fuglalíf. Einnig þyrfti að meta áhrif af raski vegna veitulagna en flytja þarf vatn inn á svæðið fyrir rekstur sjóbaðanna. Þá vegur þungt að svæðið er á svæði 223 á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta) og eru framkvæmdir háðar samráði við Umhverfisstofnun.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur fram að gróðurfar hafi verið rannsakað og kortlagt, og greint er frá því í meðfylgjandi skýrslu. Ekki fóru fram sérstakar athuganir á fuglalífi né fjöruvífi eins og Náttúrufræðistofnun lagði til í umsögn sinni um skipulagslýsinguna. Vetrarfuglatalningar á fuglum hafa farið fram á skipulagssvæðinu og það er metið mikilvægt fæðuöflunarsvæði fugla m.a. kríu, æðarfugls og vaðfugla.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 500 m² byggingum og allt að 1.200 m² útisvæði fyrir verönd og potta á svæði AF-2 og að bílastæði sem er um 200-250 m austan mannvirkja verði allt að 1.800 m². Töluverð uppbygging verður því á svæðinu með raski og breytingu á ásynnd.

Samkvæmt tillögunni hafa fyrirhuguð mannvirki verið færð ofar en upphaflega stóð til, upp fyrir gróðurbakka við ströndina, þar verði opin gönguleið og ekkert rask því í sjálfri fjörunni. Fjöruvistgerðum með hátt verndargildi verður því ekki raskað sem er jákvæð og mikilvæg breyting. Gróðurlendi ofan á bakkanum verður þó raskað, það er einkum melgresi og annar strandgróður og er gróðurþekja að mestu hálfgróin. Engar sjaldgæfar plöntutegundir verða fyrir tjóni en tegundafjölbreytni er allnokkur miðað við að um strandlendi er að ræða. Ekki verður rask á hrauni.

Á deiliskipulagsupprættinum er ekki sýnt hvornig fyrirkomulagi lagna verður háttáð, hvorki vatns-, raf-, né fráveitulögnum. Til að hægt sé að meta rask vegna lagnagerðar hefði átt að sýna staðsetningu þeirra á upprættinum.



Huga þarf að því að aukinni umferð fólks á svæðinu fylgir aukin hætta á truflun, sérstaklega fyrir fuglalíf. Sérstaklega er líklegt að vaðfuglar á fartíma verði fyrir truflun. Mjög mikilvægt er að draga úr allri truflun bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.

Áhrif á ásýnd svæðisins verða hvað mest enda svæðið óbyggt í dag þó lítills háttar rask sé til staðar. Hönnunarútfærslur á byggingum eru mikilvæg mótvægisaðgerð en einnig þarf að huga að ásýndaráhrifum vegna bílaumferðar.

Náttúrufræðistofnun telur jákvæðar breytingar hafa orðið á áformaðri uppbyggingu á svæðinu með tilfærslu bygginga miðað við upphafleg áform þ.a. rask á fjöruvistgerðum er nú ólíklegt. Hins vegar fela áformin í grunninn í sér mikla eðlis- og ásýndarbreytingu á svæðinu og hætta er á að verndargildi svæðisins sem mikilvægt búsvæði fugla muni rýrna með aukinni umferð fólks á svæðinu. Áhrif á landslag verða einnig töluverð og mögulegt að útivistargildi svæðis í næsta nágrenni við þjóðgarð rýrni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

